



Krafan um hagsmuni aðila

Lögvarðir hagsmunir eða aðildarskortur. Hvar liggja mörkin?
-BA ritgerð í lögfræði -

Daði Heiðar Kristinsson

Lagadeild
Félagsvísindasvið
Umsjónarkennari: Kristín Benediktsdóttir
Apríl 2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	3
1.1 Almenn	3
1.2 Meginreglan um aðgang að dómstólum	3
2 Reglan um lögvarða hagsmuni	5
2.1 Inngangur	5
2.2 Inntak	5
2.2.1 Réttarheimildir	5
2.2.2 Um hvað fjallar reglan?	6
2.2.3 Nánar um inntak reglunnar	8
2.2.4 Undantekning frá reglunni	12
2.4 Ályktun af framangreindum köflum	13
3 Reglan um aðildarskort	13
3.1 Inngangur	13
3.2 Inntak	14
3.2.1 Réttarheimildir	14
3.2.2 Hvað felst í reglunni?	14
3.2.3 Hvernig snýr reglan að stefnanda og stefnda?	16
4 Samanburður á reglunum	17
4.1 Mörkin	17
4.2 Lögvarðir hagsmunir eða aðildarskortur?	18
4.3 Á að skilja á milli reglnanna?	20
HEIMILDASKRÁ	23
DÓMASKRÁ	24

1 Inngangur

1.1 Almenn

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara þremur spurningum sem varða regluna eða áskilnaðinn um lögvarða hagsmuni til að fá úrlausn mála sinna fyrir dómi. Í fyrsta lagi hver er munurinn á reglunni um lögvarða hagsmuni annars vegar og reglunni um aðildarskort¹ hins vegar en reglurnar eru líkar að mörgu leyti. Báðar kveða þær á um að mál verði ekki ekki borið undir dóm nema aðili hafi hagsmuni af úrlausnarefninu. Í öðru lagi verður skoðað hvort Hæstiréttur hafi í einhverjum tilfellum beitt reglunni um lögvarða hagsmuni þegar hann með réttu hefði átt að beita reglunni um aðildarskort. Í því sambandi verður sérstaklega litið til dóma þar sem kröfum á hendur stjórnvöldum hefur verið vísað frá vegna þess að þau töldust ekki hafa lögvarða hagsmuni. Sú framkvæmd dómstóla hefur verið rannsökuð að nokkru leyti.² Hugleitt verður hvort ekki sé rétt að sýkna stjórnvöld í slíkum málum á grundvelli aðildarskorts í stað þess að vísa málinu frá vegna þess að stjórnvöld töldust ekki hafa lögvarða hagsmuni. Í þriðja lagi verða skoðuð rök með og á móti því hvort það ætti að vera heimilt að beita reglunni um lögvarða hagsmuni þegar eðlilegra væri að beita reglunni um aðildarskort.

Reglurnar hafa ekki sömu réttaráhrif og því er mikilvægt að dómstólar notist við rétta reglu þar sem það getur varðað hagsmuni stefnenda hvorri reglunni verði beitt. Þegar aðila skortir lögvarða hagsmuni er máli vísað frá. Það leiðir ekki til res judicata áhrifa og stefnandi getur lagað málalíbúnað sinn og höfðað mál að nýju. Aftur á móti er sýknað á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (hér eftir skammstöfuð eml.). Sýkna hefur res judicata áhrif og mál verður ekki sótt aftur á hendur þeim aðila, sbr. 2. mgr. 116. gr. eml.

Inntaki reglunnar um lögvarða hagsmuni verður lýst í 2. kafla og reglunni um aðildarskort í 3. kafla. Reglurnar verða aðallega skýrðar með skoðun á lagaákvæðum og dómaframkvæmd. Til hliðsjónar verður notast við skrif fræðimanna og annarra höfunda. Í 4. kafla verða reglurnar tvær bornar saman og spurningum ritgerðarinnar svarað.

1.2 Meginreglan um aðgang að dómstólum

Reglurnar um lögvarða hagsmuni og aðildarskort fjalla báðar um skilyrði réttarins til að bera mál undir dómstóla. Nauðsynlegt er því að gera meginreglunni um aðgang að dómstólum skil í stuttu máli.

¹ Í ritgerðinni verður vísað til reglunnar um aðildarskort. Er sá háttur hafður á vegna þess að Theodór B. Líndal talaði um aðildarskort sem reglu í *Réttarfar II hefti*, bls. 136.

² Sjá t.d. Einar Karl Hallvarðsson: „Hvernig er þetta með ríkið?“, bls. 495, Skúli Magnússon: „Er þörf á lagasetningu um aðild hins opinbera að dómsmálum?“, bls. 527.

Réttur manna til að bera mál sín fyrir dómstóla er tryggður í 1. málsl. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944 (hér eftir skammstafað stjskr.), sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 um breytingu á stjórnarskránni. Í meginreglunni felst bæði réttur manna til að fá úrlausn dómstóla um kröfu sína í einkamáli og að dómstólar séu þeir einu sem dæma um refsingu manna. 1. mgr. 70. gr. stjskr. verður að skýra með hliðsjón af 2. gr. stjskr., þar sem mælt er fyrir um að dómstólar fari með dómsvald. Af því má álykta að aðeins dómstólar megi leysa úr ágreiningi um réttindi og skyldur manna eða um refsingu á hendur þeim. Frá þessu eru þó gerðar ýmsar undantekningar sem ekki verður fjallað um hér enda óþarft í samhengi við efni ritgerðarinnar. Í 1. mgr. 70. gr. stjskr. felst að allir eiga rétt á að fá úrlausn réttinda sinna hjá dómstólum. Þetta var staðfest í *Hrd. 2000, bls. 4394 (419/2000)*.

Hrd. 2000, bls. 4394 (419/2000): Í málinu var ágreiningur um hvort ætlaður faðir barns gæti átt aðild að faðernismáli. Ákvæði barnalaga nr. 20/1992 voru tæmandi um hverjir gætu átt aðild að slíkum málum. Af þeim mátti gagnálykta að ætlaðir feður gætu ekki átt aðild. Ákvæði barnalaganna voru talin brjóta gegn rétti manna til að fá úrlausn dómstóla um réttindi sín, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE.

Í reglunni felst einnig að dómstólar eru þeir einu sem dæma um refsingu manna, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjskr., sbr. 2. gr. stjskr. Slíkt álitaefti kom upp á í *Hrd. 1994, bls. 748*.

Hrd. 1994, bls. 748: H var talinn hafa smyglað eiturfjóm inn í fangelsi þar sem hann afplánaði refsivist. Vegna þess var hann dæmdur í 10 daga einangrunarvist en hún bættist ofan á afplánunartímum. H höfðaði mál gegn íslenska ríkinu og krafðist skaðabóta. Til grundvallar skaðabótakröfunni bar hann fyrir sig broti á 2. gr. stjskr. og að dómstólar væru þeir einu sem gætu dæmt refsingu. Í dómi Hæstaréttar segir orðrétt: „[Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með dómsvaldið. Í því hlutverki felst meðal annars að ákvarða mönnum refsivist vegna ólögætrar hegðunar, og eru ekki aðrir handhafar ríkisvalds bærir til þess. [...] Ákvæði 26. gr. laga nr. 48/1988, er lengdi refsivist og fékk forstöðumönnum fangelsa ákvörðunarvald þar um, var því í andstöðu við framangreind ákvæði stjórnarskrár.]“

Réttur manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum er lögfestur í 1. mgr. 24. gr. eml. og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem mælt er fyrir um að mál sem handhafar ákærvalds höfða til refsingar lögum skv. fari eftir þeim lögum. Þessi grein verður svo skýrð til hliðsjónar við 1. mgr. 3. gr., en þar kemur fram að mál samkvæmt þessum lögum heyri undir hina reglulegu héraðsdómstóla.

Regluna er einnig að finna í 1. mgr. 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 (hér eftir skammstafað MSE). Þar kemur fram að þegar kveðið er á um réttindi og skyldur manna að einkamálarétti eða um sök, vegna refsiverðrar háttsemi, skuli hann eiga rétt

á því að mál hans sé tekið fyrir af dómstóli. Nánari skýringa er ekki þörf í samhengi við umfjöllunarefni þessarar ritgerðar.

2 Reglan um lögvarða hagsmuni

2.1 Inngangur

Rétt þykir að byrja á því að skoða réttarheimildir reglunnar um lögvarða hagsmuni og verður það gert í kafla 2.2.1. Í því sambandi verða 1. mgr. 24. og 1. og 2. mgr. 25. gr. eml. skoðuð. Einnig verður litið til 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE. í ljósi þeirra takmarkanna sem reglan felur í sér á rétti einstaklinga og lögaðila til aðgangs að dómstólum. Því næst verður inntak reglunnar um lögvarða hagsmuni skýrt, í kafla 2.2.2, með því að skoða framangreindar réttarheimildir. Inntak reglunnar er ólögfest og þess vegna er nauðsynlegt að skoða rit fræðimanna og annarra til að sjá þau tilvik sem talin eru falla undir regluna. Í kafla 2.2.3 verða síðan nokkrir dómar Hæstaréttar skoðaðir þar sem reglunni hefur verið beitt.

2.2 Inntak

2.2.1 Réttarheimildir

Reglan um lögvarða hagsmuni er ólögfest meginregla í einkamálaréttarfarum en hún á sér þó stoð í lagaákvæðum. Markús Sigurbjörnsson taldi regluna tengjast annars vegar 1. mgr. 24. gr. á þann hátt að dómstólar skeri ekki úr um réttindi og skyldur manna nema þau ráðist af réttarreglum og hins vegar 1. mgr. 25. gr. eml. sem kveður á um að dómstólar verða ekki krafðir álits á lögspurningu.³ Staðfestingu á tilvist hennar er einnig að finna í 2. mgr. 25. gr. eml. en þar kemur fram að ef sóknaraðili á lögvarða hagsmuni getur hann leitað viðurkenningardóms.

Í upphafsorðum 1. másl. 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er kveðið á um rétt manna til að fá úrlausn um skyldur sínar og réttindi fyrir dómstólum.⁴ Með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 var núverandi 70. gr. stjkskr. bætt inn í stjórnarskránnu frá 33/1944. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 er að finna staðfestingu fyrir tilvist reglunnar um lögvarða hagsmuni og aðrar þær reglur sem setja það skilyrði, að einstaklingar eða lögaðilar þurfi að hafa hagsmuni af úrlausn málsins. Þar segir að það brjóti ekki gegn rétti manna til aðgangs að dómstólum að maður þurfi sjálfur að hafa hagsmuni af málinu til þess að geta lagt það fyrir dómstóla.⁵ Fyrirmynd 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er 1. mgr. 6.

³ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 117.

⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 222.

⁵ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2096.

gr. MSE og ber því að túlka stjórnarskrárákvæðið með hliðsjón af ákvæði mannréttindasáttmálans eins og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur túlkað það. Réttur manna til að bera mál undir dómstóla er einnig varinn af 1. mgr. 6. gr. MSE. Það hefur ekki verið talið brjóta gegn ákvæðum mannréttindasáttmálans þótt sett séu almenn skilyrði fyrir málshöfðun, eins og að aðili máls þurfi sjálfur að hafa hagsmuni af því að fá leyst úr málinu.⁶

2.2.2 Um hvað fjallar reglan?

Eins og áður hefur komið fram er reglan um lögvarða hagsmuni ólögfest þótt hún eigi sér stoð í lagaákvæðum. Inntak reglunnar hefur því að mestu verið ákvarðað af dómstólum og fræðimönnum. Markús Sigurbjörnsson telur þrennt felast í reglunni: Í fyrsta lagi tilvik þar sem ljóst er að enginn eigi lögvarða hagsmuni af sakarefninu,⁷ í öðru lagi þegar lögvarðir hagsmunir hafa einhvern tímann verið fyrir hendi en hafa liðið undir lok fyrir eða undir málarekstri⁸ og í þriðja lagi að einhver geti haft lögvarða hagsmuni af sakarefninu en stefnandi er ekki réttur eigandi þeirra.⁹ Særún María Gunnarsdóttir taldi í meistararitgerð sinni, sem birt var í Úlfljóti árið 2005, önnur þrjú tilvik falla undir regluna um lögvarða hagsmuni, í fyrsta lagi að niðurstaða málsins verði að skipta stefnanda máli að lögum, í öðru lagi að dómstólar leysa aðeins úr lagalegum álitaefnum, sbr. 1. mgr. 24. gr. eml. og í þriðja lagi að dómstólar skera ekki úr um úrlausnarefni sem eru andstæð lögum.¹⁰

Með hliðsjón af áður nefndu og dómaframkvæmd má í grófum dráttum telja að undir regluna um lögvarða hagsmuni falli: 1) Þegar lögvarðir hagsmunir eru til en líða undir lok fyrir eða undir málarekstri. 2) Lögvarðir hagsmunir eru fyrir hendi en stefnandi er ekki réttur eigandi hagsmunanna. 3) Enginn hefur lögvarða hagsmuni af úrlausnarefninu. Í þessu síðastnefnda felst tvennt: annars vegar eru hagsmunir of almennir og úrlausnarefnið er andstætt lögum, sbr. 1. mgr. 24. gr. eml. og hins vegar á aðili á ekki lögvarða hagsmuni þegar hann gerir tvær kröfur og önnur krafan er þess eðlis að nauðsynlegt sé að leysa úr henni þegar hin krafan er tekin til skoðunar. 4) Krafan felur í sér lögspurningu sem fellur utan verksviðs dómstóla, sbr. 1. mgr. 25. gr. eml. 5) Stefna er ekki nægilega skýr. 6) Stefndi er ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni af úrlausnarefninu en hagsmunirnir sem slíkir eru lögvarðir.

Reglan um lögvarða hagsmuni fjallar í aðalatriðum um að aðili verði að hafa einhverja hagsmuni af því að fá úrlausn kröfu sinnar fyrir dómstólum, þannig að úrlausnin hafi einhver

⁶ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 54.

⁷ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 118.

⁸ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 119.

⁹ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 120.

¹⁰ Særún María Gunnarsdóttir: „Aðild að málum sem varða umhverfið“, bls. 356.

áhrif á réttarstöðu hans. Þau tilvik sem listuð voru upp hér að framan og fjallað er nánar um hér á eftir, eiga það flest sameiginlegt að úrlausnin er ekki talin hafa áhrif á réttarstöðu aðila.

Dómstólar gæta þess ex officio (af sjálfsdáðum) hvort aðilar eigi lögvarða hagsmuni og er það ekki háð því að aðilar geri kröfu um slíkar málalyktir. Ef lögvarðir hagsmunir eru ekki taldir vera fyrir hendi er kröfu aðila vísað frá.¹¹ Kröfu aðila getur verið vísað frá í heild sinni eða að hluta. Einnig getur kröfu verið vísað frá er varðar einn aðila að málinu og þá stendur krafan ennþá gagnvart öðrum aðilum málsins. Frávísun er ákvörðun er lýtur að formhlið kröfu. Þar af leiðandi veldur dómurinn ekki res judicata áhrifum skv. 2. mgr. 116. gr. eml. og höfða má mál að nýju um sama sakarefnið að uppfylltum skilyrðum um lögmeða hagsmuni.

Regluna um lögvarða hagsmuni er einnig að finna í norsku einkamálaréttarfari. Reglan var lögfest í 54. gr. eldri laga um meðferð einkamála nr. 5/1915 (lov om rettergangsmåten for tvistemål). Hugtakið lögvarðir hagsmunir var þó ekki skilgreint sérstaklega í lögunum sjálfum.¹² Í gildistíð laganna voru tvö tilvik talin falla undir regluna um lögvarða hagsmuni. Í fyrsta lagi urðu hagsmunirnir að vera til staðar á þeim tíma þegar málshöfðunin var gerð og í öðru lagi urðu stefnandi og stefndi að hafa einhver tengsl við hagsmunina.¹³ Í dönsku einkamálaréttarfari, hins vegar, voru auk þessara tveggja tilvika sett ákveðin takmörk fyrir því um hvað sakarefni mætti vera.¹⁴ Með gildistöku nýrra réttarfarslaga í Noregi var reglan um lögvarða hagsmuni skýrð nánar. Regluna er nú að finna í 1. og 2. mgr. 3. gr. 1. kafla laga um gerðardóma og meðferð einkamála. (Lov om mekling og rettergang i sivile tvister. Hér eftir verður vísað í tvisteloven.) nr. 90/2005. Í 1. mgr. kemur fram að það sé skilyrði fyrir málshöfðun að lögvarðir hagsmunir séu til staðar. Í 2. mgr. er hugtakið nánar skilgreint. Í 1. másl. segir að stefnandi þurfi að sýna fram á raunverulega hagsmuni í tengslum við stefnda. Í 2. másl. kemur fram að við heildarmat skuli líta til þess tíma sem krafan er sett fram og hvernig aðilar tengjast henni. 2. másl. er einnig túlkaður þannig að gerð sé fyrst og fremst krafa um að stefnandi hafi ákveðið mikla hagsmuni af sakarefninu, það er að segja, hagsmunirnir mega ekki vera of almennir.¹⁵

¹¹ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 117.

¹² Christian Reusch: „Rettslig interesse“, http://www.snl.no/rettslig_interesse.

¹³ Inge Lorange Backer: *Rettslig Intresser*, bls. 25.

¹⁴ Inge Lorange Backer: *Rettslig Intresser*, bls. 25. Þar vísar Inge m.a. í heimildirnar: Jfr. Hurwits s. 107 flg. og Gomard 1979 s. 168 og 193-95.

¹⁵ Christian Reusch: „Rettslig interesse“, http://www.snl.no/rettslig_interesse

2.2.3 Nánar um inntak reglunnar

Lögvarðir hagsmunir geta verið fyrir hendi en þeir líða undir lok annaðhvort fyrir málarekstur eða undir honum. Máli er þá vísað frá þar sem aðili á ekki lengur hagsmuni af því að fá dæmt um kröfu sína. Þetta mátti sjá í *Hrd. 5. september 2008 (358/2008)*.

Hrd. 5. september 2008 (358/2008): M gerðist meðlimur í félagi skipstjórnarmanna þann 25. janúar 2008. Þann 28. janúar óskaði M eftir að verða skráður á kjörskrá félagsins fyrir 30. janúar en hann hafði ekki ennþá verið skráður á kjörskrána þrátt fyrir að vera orðinn meðlimur. Stutt var í stjórnarkosningar og frestur til að bjóða fram lista var 30. janúar. M var ekki talinn uppfylla skilyrði til félagsaðildar og var umsókn hans því hafnað. Lista sem hann lagði fram til stjórnarkosningar í félagi með öðrum var einnig vísað frá. Þegar málið var tekið fyrir í héraðsdómi höfðu kosningarnar farið fram. M var því ekki talinn eiga lögvarða hagsmuni af úrlausnarefninu heldur væri hann í raun að bera lögspurningu undir dóminn. Kröfu hans var því vísað frá á grundvelli 1. mgr. 25. gr. eml.

Úrlausnarefnið getur verið lögvarið sem slíkt en stefnandi er hins vegar ekki réttur eigandi hagsmunanna. Í *Hrd. 14. október 2010 (28/2010)* var kröfu aðila vísað frá á þeim grundvelli að hann ætti ekki lögvarða hagsmuni þar sem hann var ekki réttur aðili að hagsmununum.

Hrd. 14. október 2010 (28/2010): B sem var fædd í Filippseyjum kom hér til lands, gekk í hjúskap og fékk í kjölfarið íslenskan ríkisborgararétt. B sótti um dvalarleyfi fyrir barnið A en hún kvaðst vera móðir þess. Seinna kom í ljós við töku lögregluskýrslu að B var ekki barn A heldur barn annarrar konu í Filippseyjum. Þetta var síðan staðfest með greiningu á lífsýnum. Þá hélt B því fram að bróðir hennar væri faðir þess og hún hefði ættleitt það. A var tekið af henni og komið í umsjá fjölskyldunefndar Y sem kom barninu í föstur. Útlendingastofnun veitti barninu dvalarleyfi til eins árs, frá 3. ágúst 2010, á grundvelli 3. mgr. 11. gr. laga 96/2002 um útlendinga. A hafði áður fengið dvalarleyfi hér á landi á þeim grundvelli að það væri barn B. Útlendingastofnun afturkallaði það dvalarleyfi og sú ákvörðun var staðfest af dómsmálaráðherra. B krafðist þess þá persónulega og fyrir hönd A að úrskurður dómsmálaráðherra yrði ógiltur. B var ekki talin hafa neinn lagalegan grunn til að fara með málefni barnsins og því átti hún ekki lögvarða hagsmuni og kröfu hennar var vísað frá.

Hér má velta því fyrir sér hvort Hæstiréttur sé í raun að beita reglunni um aðildarskort.

Sum úrlausnarefni eru þess eðlis að enginn hefur lögvarða hagsmuni af þeim. Í þessu felst tvennt, annars vegar að hagsmunirnir séu of almennir og svo hins vegar að úrlausnarefnið sé í andstöðu við lög, sbr. 1. mgr. 24. gr. eml. Um fyrra tilvikið má nefna nokkra dóma: *Hrd. 1994, bls. 1451, Hrd. 2001, bls. 2281 (173/2001), Hrd. 2002, bls. 1087 (88/2002)* og *Hrd. 2004, bls. 4285 (422/2004)*. Þessu til útskýringar verða tveir dómar reifaðir.

Hrd. 1994, bls. 1451: M fór í mál gegn utanríkisráðherra og krafðist ógildingar á EES-samningnum. M taldi að í samningnum fælist framsal á stjórnarskrárbundnu valdi og að slíkt framsal yrði aðeins gert með aðkomu kjósenda til Alþingis. Kröfu hans var vísað frá á

grundvelli 1. mgr. 25. gr. eml. þar sem hann var ekki talinn eiga lögvarða hagsmuni af úrlausnarefninu. Krafa hans var ekki í tengslum við nein áþreifanleg réttindi hans eða skyldur.

Hrd. 2001, bls. 2281 (173/2001): Ágreiningur var í málinu hvort nefna ætti gjóskugíg Hverfjall eða Hverfell. Örnefnanefnd úrskurðaði að gígurinn skyldi heita Hverfjall. 43 einstaklingar kærðu þann úrskurð til menntamálaráðherra sem staðfesti úrskurð örnefnanefndarinnar með þeirri breytingu að Hverfell skyldi sett í sviga inn á landakort. Einstaklingarnir fóru síðan í mál gegn menntamálaráðherra og kröfðust ógildingar á úrskurði hans. Þeir rökstuddu aðild sína með því að þeir ættu allir ættir að rekja úr sveitinni, bæru mikla umhyggju fyrir henni og að þeir vildu tryggja að eitt merkasta náttúruvætti hennar fengi að halda því heiti sem það hafði lengst af verið nefnt. Kröfu þeirra var vísað frá þar sem úrlausnarefnið var ekki talið varða nein réttindi þeirra að lögum. Einnig var ekki til kærueimild í lögum fyrir þá, en í lögum nr. 35/1953 um bæjarnöfn o.fl. var kveðið á um hverjir gætu átt aðild að dómsmáli og var sá listi talinn tæmandi. Í héraðsdómi var vísað til 1. og 2. mgr. 25. gr. eml. að aðilar ættu ekki lögvarða hagsmuni, þar sagði: „Í málinu ræðir um ákvörðun þess hvaða örnefni sé sett á landakort. Sú ákvörðun er allsherjarréttar eðlis og hafa stefnendur ekki lögvarða hagsmuni, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, af úrlausn kröfu þeirra í dómsmáli.“

Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 24. gr. eml. dæma dómstólar ekki um sakarefni ef það er skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt eðli sínu. Í dómaframkvæmd hefur þetta verið skýrt svo að ef úrlausnarefni er andstætt lögum þá eigi aðili máls ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úr því leyst þar sem að dómstólar væru annars að aðstoða við lögbrot. Þetta álitæfni má sjá í *Hrd. 18. febrúar 2010 (355/2009)*.

Hrd. 18. febrúar 2010 (355/2009): I afsalaði M sumarbústað en M seldi hann síðan til þriðja manns. I höfðaði þá mál gegn M og krafðist söluandvirðisins. I bar því við að afsalið hefði verið gert til málamynda og raunveruleg eignaryfifærsla hefði ekki átt sér stað. Afsalið hefði verið gert í þeim tilgangi að koma eigninni undan skuldheimtumönnum en I og látinn eiginmaður hennar höfðu átt í fjárhagslegum erfiðleikum sem leiddu til gjaldþrotaskipta á búi eiginmannsins. Í Hæstarétti var tekið fram að slík háttsemi væri refsiverð og að ekki yrði leitað atbeina dómstóla til að koma fram eða fylgja eftir slíkum ráðagerðum, sbr. 1. mgr. 24. gr. eml.

Ef settar eru fram tvær kröfur og þeim þannig háttað að til þess að leyst verði úr annarri kröfunni verður einnig að leysa úr hinn er annarri kröfunni vísað frá. Í framkvæmd hefur verið talið að aðili eigi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kröfunni sem rúmast innan hinnar og er þeirri kröfu þá vísað frá, sbr. *Hrd. 1999, bls. 1404 (81/1999)*, *Hrd. 2005, bls. 948 (68/2005)* og *Hrd. 2006, bls. 2032 (196/2006)*.

Hrd. 1999, bls. 1404 (81/1999) S kærði ákvörðun dómsmálaráðherra um flutning hans úr starfi sýslumanns á Akranesi í starf sýslumanns á Hólmavík. Í málinu gerði S tvær kröfur, annars vegar að ákvörðunin hefði verið ólögmat og hins vegar að hún hefði valdið honum miska. Hæstiréttur taldi að til þess að leyst yrði úr miskabótakröfu M þyrfti að skoða hvort ákvörðunin væri ólögmat. Af því leiddi að M var ekki talinn eiga lögvarða hagsmuni af því að fá leyst sérstaklega úr kröfu sinni um ólögmatið.

Hrd. 2006, bls. 2032 (196/2006) M gegndi stöðu yfirlæknis á kvennadeild Landspítalans. Deildin var sameinuð öðrum deildum og staða yfirlæknis var lögð niður. M taldi ákvörðunina um niðurlagningu stöðunnar ólögmeta og krafðist ógildingar hennar ásamt miskabóta. Kröfu hans um ógildinguna ákvörðunnar var vísað frá þar sem óhjákvæmilegt var að leysa úr því hvort ákvörðunin væri ógildanleg við úrlausn á miskabótakröfunni. Var því ekki talin nein þörf á að leysa einnig úr ógildingarkröfunni og henni vísað frá á þeim grundvelli að hann ætti ekki lögvarða hagsmuni, sbr. 1. og 2. mgr. 25. gr. eml. Í héraðsdómi, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsenda hans, stendur: „Með þessum málatilbúnaði stefnanda eru ekki uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála hvað ógildingarkröfuna varðar sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt verði að leysa úr henni eins og stefnandi krefst.“

Dómstólar verða ekki krafðir álits á lögfræðilegu álitaefni, sbr. 1. mgr. 25. gr. eml. Aðilar máls þurfa því að hafa einhverra beinna hagsmuna að gæta svo krafa verði tekin fyrir. Úrlausnin verður þannig hafi einhver áhrif á réttarstöðu þeirra. Það má velta því fyrir sér hvort hér sé um sjálfstæða reglu að ræða eða hluta af reglunni um lögvarða hagsmuni. Með þetta í huga verða tveir dómar skoðaðir, *Hrd. 31. október 2007 (554/2007)* og *Hrd. 14. október 2010 (779/2009)*.

Hrd. 31. október 2007 (554/2007): Ó var eigandi jarðarinnar Horns I í Hornarfirði sem á land að sjó. Ó gerði kröfur um viðurkenningu á eignarráðum yfir netlögum jarðarinnar, á stærð þeirra mælt frá stórstraumsfjöruborði, á efnislegum heimildum sem í greindum eignarráðum fælust og á því að honum væri heimilt að nýta auðlindir í netlögum án þess að þurfa almennt veiðileyfi og veiðiheimild samkvæmt lögum. Ó stefndi íslenska ríkinu en ekki var ágreiningur milli hans og ríkisins um þessar heimildir. Í Hæstarétti var tilgangur málshöfðunar talinn vera sá að fá afstöðu dómstóla um hverjar væru efnislegar heimildir í eignarrétti netlaga. Það væri lögspurning sem dómstólar yrðu ekki krafðir svara við, sbr. 1. mgr. 25. gr. eml. og málinu var því vísað frá. Í dómi Hæstaréttar var einnig vísað til 2. mgr. 25. gr. eml. Þar stendur: „Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 getur sá, sem hefur lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum. Jafnframt er tekið fram í 1. mgr. sömu lagagreinar að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðileg efni nema að því leyti sem nauðsynlegt sé til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli. Þessi ákvæði hafa verið skýrð þannig að sá sem leitar viðurkenningardóms geti ekki fengið úrlausn um kröfu sína nema hann sýni fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta, sem talist geti sérstakir fyrir hann og snerti réttarsamband hans við þann sem hann beinir kröfu sinni að.“

Hrd. 14. október 2010 (779/2009): B stefndi skattstjóranum í Reykjavík og krafðist þess að honum væri óheimilt að leggja fram til sýnis álagningarskrá samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með þeim upplýsingum sem þar væru gæti almenningur ráðið hvað hann hafði í tekjur það árið og það bryti gegn friðhelgi einkalífs hans, sbr. 1. mgr. 3. gr. 71. gr. stjkskr. Hæstiréttur taldi að þrátt fyrir að B fengi kröfu sína viðurkennda yrðu ennþá upplýsingar í álagningaskrá sem gæfu til kynna hverjar tekjur hans hefðu verið. Krafan var ekki talin geta haft áhrif á réttarstöðu hans og í henni fólst því lögspurning og henni var vísað frá á grundvelli 1. mgr. 25. gr. eml.

Samkvæmt tölulíðum 1. mgr. 80. gr. eml. þarf stefna að vera skýr og tilgreina þá kröfu sem stefnandi gerir í dómsmáli, að öðrum kosti er máli vísað frá. Í framkvæmd hefur

Hæstiréttur skýrt þennan áskilnað á þann veg að stefnandi verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hvernig það tengist málsatvikum. Að öðrum kosti er hann ekki talinn eiga lögvarða hagsmuni og málinu er vísað frá á grundvelli 1. og 2. mgr. 25. gr. eml. Þessa niðurstöðu má sjá í *Hrd. 12. nóvember 2009 (117/2009)*, *Hrd. 6. nóvember 2009 (583/2009)* og *Hrd. 17. desember 2009 (698/2009)*. Þá má einnig geta *Hrd. 23. ágúst 2010 (394/2010)* þar sem lögvarðir hagsmunir voru taldir vera fyrir hendi.

Hrd. 12. nóvember 2009 (117/2009): R lenti í slysi þegar hann var að vinna um borð í skipinu Helgafelli. R krafði félagið sem átti skipið, Samskip og tryggingarfélagið VÍS um skaðabætur. Ágallar voru á stefnu hans. Í fyrsta lagi stefndi hann röngu félagi, en þegar hann slasaðist var skipið í umsjá færeysks félags, Sp/f Samskip. Þar sem Samskip krafðist ekki sýknu á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. eml. var kröfunni ekki vísað frá strax af þeirri ástæðu. Í öðru lagi krafðist hann skaðabóta frá VÍS en rétt var að krefjast tryggingabóta á grundvelli váttryggingarsamnings. Sá ágalli var einnig á stefnu að ekki var tilgreint hvert tjónið væri, hvernig það hefði komið til né hversu mikið það væri. Var R því ekki talinn eiga lögvarða hagsmuni í málinu, sbr. 2. mgr. 25. gr. eml. þar sem hann leiddi ekki nægilegar líkur að því að hafa lent í tjóni, gerði ekki grein fyrir því í hverju tjón hans fólst né heldur gerði hann grein fyrir því hvernig það tengdist atvikum máls. Í dómi Hæstaréttar segir orðrétt: „Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hefur í dómum Hæstaréttar verið skýrður svo, að sá er höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik máls.“

Hrd. 6. nóvember 2009 (583/2009): S sótti um starf þyrluflugmanns hjá Landhelgisgæslu Íslands en var synjað og aðrir ráðnir. S fór í skaðabótamál við ríkið en hann taldi að staðið hefði verið að ráðningum með ólögætum hætti og brotið hefði verið á stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. S þótti ekki hafa sýnt fram á hvernig hann hefði orðið fyrir tjóni en launamismunur á milli núverandi starfs og þess starfs sem hann sótti um var ekki talinn geta sýnt fram á tjón. Var því kröfu hans vísað frá á grundvelli 1. og 2. mgr. 25. gr. eml. þar sem S var ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni í málinu.

Dómstólar geta vísað frá máli þar sem stefndi er ekki talinn eiga lögvarða hagsmuni af úrlausnarefninu heldur annar aðili. Máli getur þá verið vísað frá í heild sinni eða að hluta. Hefur þetta sérstaklega komið til álita varðandi aðild stjórnvalda að dómsmálum. Þessu til hliðsjónar voru fræðirit skoðuð þar sem framkvæmd dómstóla hefur verið rannsökuð varðandi aðild stjórnvalda að dómsmálum.¹⁶ Í þessu sambandi verða reifaðir þrír dómar þar sem þetta álitafni kom upp: *Hrd. 1997, bls. 643*, *Hrd. 2001, bls. 4620 (431/2001)* og *Hrd. 2002, bls. 1169 (378/2001)*.¹⁷

¹⁶ Einar Karl Hallvarðsson: „Hvernig er þetta með ríkið?“, bls. 495, Skúli Magnússon: „Er þörf á lagasetningu um aðild hins opinbera að dómsmálum?“, bls. 527.

¹⁷ Þetta álitafni má sjá í fleiri dómum Hæstaréttar, *Hrd. 1997, bls. 2856*, *Hrd. 1997, bls. 2918*, *Hrd. 2002, bls. 3910 (501/2002)*, *Hrd. 2003, bls. 3618 (128/2003)* og *Hrd. 18. júní 2008 (264/2008)*.

Hrd. 1997, bls. 643: LEÁ og ÚP kvörtuðu til Samkeppnisráðs vegna leyfisveitingar dóms- og kirkjumálaráðuneytis til rekstrar Útfararstofu kirkjugarðanna. Samkeppnisráð varð við kröfum þeirra en ákvörðun þess var kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti úrskurð samkeppnisráðs. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma höfðuðu þá mál gegn samkeppnisráði og áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Kröfum KR (Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma) á hendur áfrýjunarnefndinni var vísað frá dómi á þeim grundvelli að áfrýjunarnefndin gæti ekki átt lögvarða hagsmuni af úrlausnarefninu og ekki stæðu nein réttarfarsleg rök fyrir aðild hennar. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Áfrýjunarnefnd samkeppnismála, sem gegnir hlutverki úrskurðarnefndar á málskotsstigi innan stjórnarsýslunnar, hefur hins vegar enga þá lögvarða hagsmuni af úrlausn þessa máls, sem leitt geti til aðildar hennar að því. Er heldur engin réttarfarsnauðsyn á að gefa nefndinni kost á að láta til sín taka dómsmál, sem höfðað er til ógildingar á úrskurði hennar. Verður kröfum sóknaraðila á hendur áfrýjunarnefnd samkeppnismála því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.“ Það er athugavert við þennan dóm að Samkeppnisráð krafðist frávísunar af sinni hálfu á grundvelli skorts á lögvarðum hagsmunum. Rök þess voru, að þegar áfrýjunarnefndin kvað upp úrskurð sinn þá hefði ákvörðun samkeppnisráðs fallið úr gildi.

Hrd. 2001, bls. 4620 (431/2001): Hundur stefnanda beit tvö börn sem höfðu komið inn á heimili hans. Foreldrar barnanna fór fram á það að hundurinn yrði aflífaður eða í það minnsta fjarlægður úr sveitarfélaginu. Heilbrigðisnefnd ákvað að senda skyldi hundinn til hundaþjálfara og eftir að hann hafði hlotið þjálfun fengu stefnendur að hafa hundinn á heimili sínu. Foreldrarir sættu sig ekki við þessa niðurstöðu og vísuðu ákvörðuninni til úrskurðarnefndar sem ógilti ákvörðun heilbrigðisnefndar og lagði fyrir heilbrigðisnefndina að fjarlægja hundinn af heimilinu. Í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndarinnar afturkallaði heilbrigðisnefndin leyfi stefnanda til hundahalds. Hann höfðaði þá mál gegn aðilum stjórnarsýslumálsins, þar á meðal úrskurðarnefndinni. Úrskurðarnefndin var æðsta stjórnvald á málskotsstigi innan stjórnarsýslunnar og var því ekki talin eiga neina lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Kröfum á hendur henni var því vísað frá.

Hrd. 2002, bls. 1169 (378/2001): H hf. lagði fram kvörtun til samkeppnisstofnunar vegna notkunar M á léninu honnun.is í atvinnurekstri sínum. H hf. krafðist þess að M yrði bannað að nota lénið. Samkeppnisráð hafnaði kröfum H hf. sem kærði ákvörðun þess til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Kærinni var vísað frá vegna þess að kærufrestur var liðinn. H hf. höfðaði þá mál á hendur áfrýjunarnefndinni og krafðist ógildingar á úrskurði hennar. Áfrýjunarnefndin var ekki talin eiga lögvarða hagsmuni sem réttlættu aðild hennar að málinu. Kröfum á hendur henni var því vísað frá dómi.

2.2.4 Undantekning frá reglunni

Í 3. mgr. 25. gr. eml. er að finna undantekningu frá því að stefnandi máls þurfi að eiga lögvarða hagsmuni. Samkvæmt ákvæðinu er félagi heimilt að höfða mál til viðurkenningar á réttindum félagsmanna sinna eða til lausnar undan skyldu þeirra.

Þrjú skilyrði eru sett fyrir því að undantekningunni sé beitt. Í fyrsta lagi verður málshöfðunin að samrýmast tilgangi félagsins. Í öðru lagi verður meirihluti félagsmanna að eiga lögvarða hagsmuni þannig að félagsmennirnir gætu sjálfir höfðað mál. Í þriðja lagi þarf félagið að gera viðurkenningarkröfu. Þessu til útskýringar má nefna tvo dóma, *Hrd. 24. maí 2007 (642/2006)* og *Hrd. 13. nóvember 2007 (575/2007)*.

Hrd. 24. maí 2007 (642/2006): Ljósmyndafélag Íslands krafðist þess að viðurkennt yrði að starfsmönnum stjórnvalda væri óheimilt að taka myndir í vegabréf og aðeins einstaklingum sjálfum væri heimilt að taka myndir í eigin vegabréf, nemendum í ljósmyndun og ljósmyndurum með iðnréttindi. L rökstuddi kröfu sína með því að brotið væri gegn iðnréttindum ljósmyndara sem varin væru af iðnaðarlögum nr. 42/1978. Samkvæmt samþykkt félagsins var tilgangur þess að standa vörð um lögvarin atvinnuréttindi íslenskra ljósmyndara í samræmi við gildandi iðnaðarlög. Var því talið að 3. mgr. 25. gr. eml. væri uppfyllt.

Hrd. 13. nóvember 2007 (575/2007): SMÁÍS krafðist lögbannsgerðar á því að stefndi seldi eða hefði milligöngu um sölu á áskrift að sjónvarpsstöðinni Sky til manna sem höfðu búsetu hérlendis og til notkunar hér á landi. Málinu var vísað frá þar sem skilyrðum 3. mgr. 25. gr. eml. var ekki uppfyllt. Krafa um lögbann er ekki krafa um viðurkenningu á rétti né krafa um lausn á skyldu.

2.4 Ályktun af framangreindum köflum

Þegar dómur Hæstaréttar eru skoðaðir má sjá að þegar reglunni um lögvarða hagsmuni er beitt er oft vísað í 1. og 2. mgr. 25. gr. eml. Af því má draga þá ályktun að ef einstaklingur eða lögaðili telst ekki hafa lögvarða hagsmuni er í raun verið að leggja fyrir dóminn kröfu um úrlausn lögfræðilegs álitaefnis, sbr. 1. mgr. 25. gr. eml. Þegar reglan er skoðuð má sjá að aðalatriði reglunnar felst í því að úrlausn sakarefnisins hefur þau áhrif að réttarstaða aðila breytist. Ef réttarstaða einstaklings er sú sama eftir úrlausn máls þá eru lögvarðir hagsmunir ekki til staðar.

Rök eru fyrir því að ekki eigi að skýra regluna svo þröngt að hún taki aðeins til þess þegar réttarstaða aðila breytist ekki við úrlausnina. Samkvæmt orðatúlkun ákvæðisins má sjá að einnig er gerð krafa um að hagsmunirnir séu varðir að lögum. Úrlausnarefni getur breytt réttarstöðu einstaklinga þótt engin réttarheimild verji það. Verður því einnig að telja regluna taka til þess þegar gerð er krafa sem fellur utan réttarheimilda lögfræðinnar, til dæmis ef krafan er andstæð lögum.

3 Reglan um aðildarskort

3.1 Inngangur

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður byrjað á umfjöllun um réttarheimildir að baki reglunni í kafla 3.2.1 Næst verður inntaki reglunnar gerð skil í kafla 3.2.2 og í því sambandi verða dómur Hæstaréttar skoðaðir sem og skrif fræðimanna. Skoðuð verða tengsl reglunnar við málsforræðisregluna og hvaða kröfur dómstólar gera til kröfugerðar aðila. Loks verður verður hvoru tilviki reglunnar um sig gerð frekari skil með skoðun á dómum Hæstaréttar í kafla 3.2.3.

Reglan um aðildarskort, rétt eins og reglan um lögvarða hagsmuni, setur ákveðin takmörk á meginregluna um aðgang að dómstólum, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE. Eins og komið hefur fram áður standa 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE því ekki í vegi að settar séu reglur sem setja það að skilyrði fyrir málshöfðun að einstaklingar eða lögaðilar þurfi að hafa hagsmuni af úrlausninni.

3.2 Inntak

3.2.1 Réttarheimildir

Reglan um aðildarskort er hvergi skilgreind í lögum en tilvist hennar er staðfest í 2. mgr. 16. gr. eml. þar sem mælt er fyrir um réttaráhrif hennar. Eins og fram kemur að ofan er einnig að finna staðfestingu eða heimild fyrir tilvist hennar í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995.¹⁸ Reglan er því að hluta til ólögfest en hún hefur verið skýrð í dómaframkvæmd og skrifum fræðimanna.

3.2.2 Hvað felst í reglunni?

Aðildarskortur einkennist af því að stefnandi eða stefndi er ekki réttur eigandi hagsmunanna. Þriðji maður er þá eigandi hagsmunanna og það hefur enga þýðingu hvort vitað sé hver sá hinn sami er.¹⁹ Annar hvor aðilinn að málinu getur þá ekki krafist viðurkenningar hagsmunanna eða borið skyldur sem þeim fylgja. Hagsmunirnir sem slíkir eru þó lögvarðir. Dómstólum ber þá að sýkna, sbr. 2. mgr. 16. gr. eml. Aðildarskortur veldur því *res judicata* áhrifum, sbr. 2. mgr. 116. gr. eml. Það leiðir til þess að sama sakarefni verður ekki borið aftur undir dómstóla af sömu aðilum þar sem leyst hefur verið úr sakarefninu efnislega.

Reglunni verður aðeins beitt að kröfu aðila en ekki *ex officio* af dómstólum. Ef aðili gerir ekki kröfu um sýknu á grundvelli 2 mgr. 16. gr. eml. verður hann ekki sýknaður á grundvelli aðildarskorts þrátt fyrir að dómstólar telji hann ekki réttan aðila að dómsmálinu, sbr. *Hrd. 12. nóvember 2009 (107/2009)*.

Hrd. 12. nóvember 2009 (107/2009): A og B lentu í umferðarslysi þar sem B slasaðist umtalsvert. A bar ábyrgð á slysinu en B var talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þar sem hann ók of hratt. Bifreiðin sem B ók var váttryggð hjá V hf. Váttryggingarfélagið bauð honum aðeins 50% af slysatryggingu ökumanna vegna gáleysis hans. B höfðaði þá mál á hendur TT ehf., sem var eigandi bifreiðarinnar, og V hf. til greiðslu tryggingarbóta úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að TT ehf. væri ekki skuldbundið til að greiða váttryggingarbætur samkvæmt 92. gr. umferðarlaga og

¹⁸ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2096. Þar kemur fram að heimilt sé að setja það skilyrði, fyrir málshöfðun, að aðili hafi sjálfur hagsmuni af úrlausnarefninu.

¹⁹ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 87.

Því hefði ekki átt að stefna því í málinu. En þar sem TT ehf. studdi kröfu sína ekki á sýknu vegna aðildarskorts sbr. 2. mgr. 16. gr. eml. kom sú ástæða ekki til skoðunar. Í dómi Hæstaréttar segir orðrétt: „Hún [B] hefur hins vegar ekki stutt kröfu sína um sýknu við aðildarskort, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en á því hefur hún [B] forræði. Kemur sú ástæða því ekki til skoðunar í málinu.“

Að sama skapi verður aðildarskortu aðeins beitt ef aðili gerir kröfu um sýknu. Krafa um frávísun nægir ekki, sbr. *Hrd. 6. febrúar 2009 (2/2009)*.

Hrd. 6. febrúar 2009 (2/2009): Stefnendur gerðu kröfu á ÍA hf., AHS Ltd., íslenska ríkinu og Hafnarfjarðarkaupstað að þeim yrði gert að kaupa 450,5 hektara land en til vara 248,6 hektara land. Í greinargerð ÍA hf og AHS Ltd. var því borið við að engin ástæða hefði verið til þess að stefna AHS Ltd. sem var móðurfélag ÍA hf. og á þeim grundvelli var krafist frávísunar. Í dómnum kom fram að aðildarskortur myndi ekki leiða til frávísunar heldur sýknu og þar sem krafist var frávísunar yrði þessi krafa ekki tekin til greina.

Þetta leiðir af meginreglunni um málsforræði aðila. Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 111. gr. eml. má dómari ekki fara út fyrir kröfugerð aðila nema honum sé gert að gæta að þeim hlutum af sjálfsdáðum. Þess vegna getur dómari aðeins dæmt eftir þeim kröfum sem aðilar setja fram í kröfugerð sinni en ekki öðrum og það þrátt fyrir að hann telji að þannig fengist réttari niðurstaða.²⁰ Dómara er þó heimilt að dæma á annan hátt en eftir beinum orðum kröfugerðar svo lengi sem niðurstaðan rúmast innan marka hennar.²¹

Markús Sigurbjörnsson bendir á að gera þurfi greinarmun á aðildarskortu og tveimur öðrum tilvikum. Í fyrsta lagi þegar mál er vanreifað. Þá er ekki hægt að ráða af málalíbúnaði stefnanda af hverju hann telji sjálfan sig réttan aðila til að hafa uppi kröfuna eða stefnda þann rétta til að beina kröfunni að. Það er brot á fyrirmælum 1. mgr. 80. gr. eml. og veldur frávísun samkvæmt dómvenju. Í öðru lagi er um að ræða umboðsskort. Þá höfðar einstaklingur mál í sínu nafni vegna réttinda sem tilheyra öðrum. Hann réttlætir þá aðild sína með því að rétthafinn hafi gefið honum umboð til málssóknar. Honum ber að sanna umboðið og ef hann nær ekki að sýna fram á það er um umboðsskort að ræða sem veldur frávísun.²²

Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal skilgreindu regluna um aðildarskort á þennan veg: „Komist dómari að þeirri niðurstöðu, að um aðildarskort sé að ræða, sýknar hann stefnda, því að þá skortir það á, að sóknaraðili hafi sýnt, að efnislegir hagsmunir, sem hann umfram aðra á rétt til að séu verndaðir, hafi verið skertir. Þessi regla kemur fram í 2. l. 45. gr. eml.“²³ Þessari skilgreiningu svipar frekar til þess hvernig reglan um lögvarða hagsmuni er skilgreind í dag

²⁰ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 22.

²¹ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 22.

²² Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 87.

²³ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II hefti*, bls. 135-136.

heldur en reglan um aðildarskort. Vísað er til þess að hagsmunirnir séu of almennir en af dómaframkvæmd hefur það verið talið falla undir regluna um lögvarða hagsmuni. Af þessu má sjá að í gildistíð eldri laga um meðferð einkamála nr. 85/1936, var reglunni um aðildarskort beitt *ex officio* af dómurum og hún leiddi til sýknu.

3.2.3 Hvernig snýr reglan að stefnanda og stefnda?

Eins og að framan greinir er mögulegt að stefnandi máls verði ekki talinn réttur eigandi að þeim hagsmunum sem hann gerir kröfu um og stefndi verði þá sýknaður á grundvelli 2. mgr. 16. gr. eml. Dæmi um slíkt kemur fram í, *Hrd. 29. mars 2007 (552/2006)* og *Hrd. 25. mars 2010 (409/2009)*.²⁴

Hrd. 25. mars 2010 (409/2009): A og H, ábúendur að Brekku í Fljótsdalshlíð höfðuðu mál til ógildingar á úrskurði óbyggðanefndar og að viðurkenndur yrði réttur þeirra til nýtingar lands Skriðuklausturs. Eigandi jarðarinnar var íslenska ríkið og mótmælti það ekki úrskurði óbyggðanefndar en það var einnig stefndi í málinu. A og H voru ekki talin eiga rétt til að fara sjálfstætt með hagsmuni jarðarinnar umfram það sem kæmi fram í ábúðarlögum nr. 80/2004 eða eldri lögum. Þau voru því ekki talin réttir eigendur af hagsmunum en íslenska ríkið sem var eigandi jarðarinnar átti hagsmunina. Var íslenska ríkið því sýknað af kröfu A og B um ógildingu úrskurðar óbyggðanefndar á grundvelli 2. mgr. 16. gr. eml.

Hrd. 29. mars 2007 (552/2006): V höfðaði mál gegn B ehf. og gerði kröfu um greiðslu skuldar að fjárhæð 30.670,91 EUR ásamt dráttarvöxtum. Skuldin var komin til vegna viðskipta V og F ehf. sem hafði sameinast B ehf. Við upphaf aðalmeðferðar krafðist B ehf. sýknu vegna aðildarskorts þar sem V ætti ekki lengur kröfuna. Sannað var í málinu að aðilaskipti hefðu orðið að kröfunni en V bar því við að hann hefði eignast kröfuna aftur. V var ekki talinn hafa sannað eignarrétt sinn að kröfunni og B ehf. var því sýknaður á grundvelli 2. mgr. 16. gr. eml.

Einnig getur komið til álita hvort stefndi sé réttur aðili til að bera skylduna í málinu. Ef hann telst ekki réttmætur eigandi hagsmunanna verður hann sýknaður af kröfu stefnanda. Slíkt álitaefni má sjá í, *Hrd. 2000, bls. 1056 (378/1999)*, *Hrd. 23. apríl 2008 (429/2007)* og *Hrd. 18. júní 2009 (667/2008)*.²⁵

Hrd. 18. júní 2009 (667/2008): A o.fl. höfðuðu mál gegn AF og F ehf og kröfðust endurgreiðslu á námskeiði sem þau höfðu sótt hjá þeim. AF hafði yfirumsjón með starfinu og hún hafði komið í nokkrum viðtölum þar sem hún fjallaði um innihald námskeiðisins. AF var einnig meðstjórnandi og framkvæmdarstjóri F ehf. A o.fl. báru því við að AF og F ehf. hefðu ekki uppfyllt loforð sitt um innihald námskeiðisins sem kom fram í auglýsingum en þar var auglýst að skólinn væri alþjóðlegur og AF væri menntaður innanhússtílisti. AF var talin eiga aðild þar sem hún hefði ávallt komið fram fyrir hönd skólans. Meirihluti Hæstaréttar komst að þeirri

²⁴ Sjá einnig, *Hrd. 2003, bls. 1589 (117/2003)*, *Hrd. 7. apríl 2009 (533/2008)* og *Hrd. 26. nóvember 2009 (132/2009)*.

²⁵ Sjá einnig, *Hrd. 2000, bls. 2124 (59/2000)*, *Hrd. 2000, bls. 820 (416/1999)*, *Hrd. 4. febrúar 2010 (278 og 279/2009)* og *Hrd. 5. mars 2009 (392/2008)*.

niðurstöðu að AF væri aðili að málinu. AF hafði sjálf auglýst námið í viðtölum, þá var nafn hennar og mynd á auglýsingum og þar kom fram að hún væri að halda námskeiðið en hvergi kom fram að F ehf. væri með það. Þá hittu allir nemendur AF og greiddu henni námsgjaldið. Það eitt að námsgjaldið hafi síðan runnið til F ehf. var ekki talið nóg til að AF ætti ekki aðild. Kröfu hennar um sýknu á grundvelli aðildarskorts var því hafnað. Í sératkvæði var fallist á sýknukröfu AF. Hún var ekki talin aðili að samningi milli skólans og nemenda. Þá var það talist felast í starfi hennar sem framkvæmdarstjóra, stjórnanda og kennara að koma fram fyrir hönd F ehf.

Hrd. 23. apríl 2008 (429/2007): H höfðaði mál gegn HA, Ó og H ehf. aðallega til efnda in natura á samningi og til vara að þeim yrði gert að endurgreiða kaupverðið á bifreiðinni. H hafði gert samning við B um að hann myndi verða honum úti um bifreið frá Bandaríkjunum. B átti í viðræðum við HA og Ó sem voru með fyrirtækið H ehf. en það flutti inn bifreiðar frá Bandaríkjunum og sá um innflutning á umræddri bifreið. H millifærði inn á reikning B 1.714.000 kr. fyrir bifreiðina. Samdægurs lagði B inn á HA og Ó fjárhæðina 1.686.000 kr. Bifreiðin var flutt inn en HA, Ó og H ehf. neituðu að láta H fá eignarráð yfir henni. HA, Ó og H ehf. kröfðust sýknu af kröfu H þar sem enginn samningur um kaup á bifreiðinni hefði komist á milli þeirra og að H hefði einungis gert samning við B. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að enginn samningur væri á milli H og stefndu heldur einungis B. Báru þau því ekki skylduna og voru sýknuð á grundvelli aðildarskort, sbr. 2. mgr. 16. gr. eml.

Hrd. 2000, bls. 1056 (378/1999): G höfðaði mál á hendur fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins. G gerði kröfur um greiðslu biðlauna auk annarra réttinda. G hafði starfað hjá Landsbanka Íslands þegar hann var einkavæddur. Var honum boðin sambærileg staða hjá hinum nýja hlutafélagsbanka en hann hafnaði henni þar sem hann taldi stöðuna ekki vera sambærilega. Taldi G sig þá eiga inni biðlaun auk annarra réttinda samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þegar Landsbanki Íslands var gerður að hlutafélagi færðust allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar hans yfir til hlutafélagsins. Hlutafélagið tók því yfir allar skuldbindingar gamla Landsbankans samkvæmt kjarasamningum, ráðningarsamningum og lögum. Réttur eigandi að skyldunni var því hinn nýji hlutafélagsbanki en ekki íslenska ríkið. Þar af leiðandi var ríkið sýknað á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. eml.

4 Samanburður á reglunum

4.1 Mörkin

Um fjöllumarefnin hér að framan gefur til kynna að mörkin á milli reglunnar um lögvarða hagsmuni og reglunnar um aðildarskort séu ekki að öllu leyti skýr.

Hver er þá helsti munurinn á reglunum? Í fyrsta lagi eru réttaráhrifin mismunandi. Lögvarðir hagsmunir valda frávísun en aðildarskortur sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. eml. Af því leiðir að aðeins aðildarskortur veldur *res judicata* áhrifum skv. 1. mgr. 116. gr. eml. Í öðru lagi geta dómstólar ekki beitt aðildarskortum án kröfu aðila, það er að segja, aðilar eiga málsforræði á því. Frávísun á grundvelli reglunnar um lögvarða hagsmuni er ekki háð kröfum aðila heldur skoðar dómari það *ex officio* hvort hagsmunirnir séu fyrir hendi. Í þriðja lagi felst munurinn í því hvernig reglunnar snúa að réttarstöðu aðila. Þegar aðili á ekki lögvarða hagsmuni þá breytir úrlausn ekki réttarstöðu hans þar sem hagsmunirnir teljast of almennir. Í

tilfelli aðildarskorts breytir úrlausnin ekki réttarstöðu aðila vegna þess að hann á ekki réttinn eða ber ekki skylduna. Úrlausnarefnið er þrátt fyrir það þess eðlis að það er varið að lögum og getur haft áhrif á réttarstöðu eiganda þess.

Eins og áður hefur komið fram vísa dómstólar máli frá ef krafan er ekki nægilega skýr og tilgreind, sbr. 1. mgr. 80. gr. eml., á þeim grundvelli að aðila skorti þá lögvarða hagsmuni. Í þessu sambandi má sjá sem dæmi: *Hrd. 12. nóvember 2009 (117/2009)*, *Hrd. 6. nóvember 2009 (583/2009)* og *Hrd. 17. desember 2009 (698/2009)*. Rök eru til, þess efnis að þetta tilvik falli ekki undir regluna um lögvarða hagsmuni. Það gæti komið til greina að aðila teljist ekki hafa tekist að sanna kröfu sína og því bæri að vísa málinu frá, sbr. *Hrd. 2001, bls. 3962 (417/2001)* og *Hrd. 2002, bls. 1108 (116/2002)* eða að vísa bæri málinu frá vegna vanreifunar. Markús Sigurbjörnsson bendir á að ekki megi rugla saman aðildarskorti og vanreifun þegar ekki er hægt að ráða af kröfum aðila af hverju hann eigi aðild.²⁶ Með sömu rökum má styðja að óskýrleiki krafna falli ekki undir regluna um lögvarða hagsmuni heldur eigi sjálfstæð regla við, það er að segja vanreifun sem leiðir þá til frávísunar samkvæmt dómvenju.²⁷ Í raun er ekki hægt að skera úr um það hvort úrlausnarefnið sé lögvarið þegar krafan er ekki skýr. Það hlýtur að vera forsenda fyrir því að hægt sé að leysa úr því hvort krafa sé lögvarin, að skýrt sé hver krafan er. Þetta hefur þó aðeins fræðilegt gildi. Það hefur enga hagnýta þýðingu hvort tilvikið sé felld undir regluna um lögvarða hagsmuni eða talið sjálfstæð regla. Réttaráhrifin eru þau sömu, máli verður vísað frá og dómstólar beita reglunni *ex officio*.

Einnig má velta fyrir sér hvort gera eigi greinarmun á reglunni um lögvarða hagsmuni og þess þegar krafa aðila er andstæð lögum. Þessu til stuðnings er sú staðreynd að þess er getið í mismunandi lagaákvæðum í eml., annars vegar 1. mgr. 24. gr. og hins vegar 2. mgr. 25. gr. eml.

4.2 Lögvarðir hagsmunir eða aðildarskortur?

Hér verða skoðaðir nokkrir dómar Hæstaréttar sem varða nokkur tilvik sem talin eru falla undir regluna um lögvarða hagsmuni og reynt verður að leysa úr því hvort þau falli ef til vill undir regluna um aðildarskort.

Í dómum sínum hefur Hæstiréttur sett þá dómvenju að þegar æðra stjórnvaldi á kærustigi hefur verið stefnt, hefur það ekki verið talið eiga lögvarða hagsmuni af úrlausninni og kröfum

²⁶ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 87.

²⁷ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 87.

á hendur því vísað frá.²⁸ Í fyrsta lagi vegna þess að um æðra stjórnvald á kærustigi sé að ræða og í öðru lagi er ekki talin standa nein réttarfarsleg nauðsyn til þess að það eigi aðild.

Ef dæmið er einfaldað má sjá að höfðað er mál gegn tveimur aðilum. Gerð er sama krafa á hendur þeim báðum en úr henni er ekki leyst varðandi annan aðilann þar sem hann er ekki talinn hafa hagsmuni af niðurstöðunni. Sem dæmi má nefna *Hrd. 1997, bls. 643*. Þar var tveimur aðilum stefnt, samkeppnisráði og áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Áfrýjunarnefndin var ekki talin eiga lögvarða hagsmuni af kröfunni og kröfum á hendur henni var því vísað frá. Kröfur voru þó teknar fyrir á hendur Samkeppnisráði. Af þessu má sjá að áfrýjunarnefndin var ekki talin eigandi hagsmunanna heldur Samkeppnisráð.²⁹

Einnig eru tilvik þar sem einum aðila er stefnt og kröfum á hendur honum er vísað frá þar sem stefna átti öðrum aðila. Sá er réttmætur eigandi hagsmunanna. Sem dæmi má nefna *Hrd. 2002, bls. 1169 (378/2001)*. Þar höfðaði stefnandi mál gegn áfrýjunarnefnd samkeppnismála en ekki var höfðað mál gegn fleiri aðilum. Kröfum á hendur nefndinni var vísað frá á grundvelli reglunnar um lögvarða hagsmuni þar sem áfrýjunarnefndin var ekki talin hafa hagsmuni af úrlausnarefninu heldur var talið að Samkeppnisráð væri réttmætur eigandi hagsmunanna. Í dómi Hæstaréttar sagði orðrét:

[Var samkeppnisráð gagnaðili stefnda að því máli. Er því þörf á aðild samkeppnisráðs og stefnda að máli um gildi þessa úrskurðar. Áfrýjandi, sem gegnir hlutverki úrskurðarnefndar á málskotsstigi innan stjórnslunnar, hefur hins vegar enga þá lögvörðu hagsmuni af úrlausn málsins, sem leitt gætu til aðildar hans að því...]

Í kafla 3.2 var greint frá nokkrum tilvikum þar sem Hæstiréttur hefur sýknað stefnda á grundvelli aðildarskorts sbr. 2. mgr. 16. gr. eml. Stefndi er þá sýknaður af þeirri ástæðu að hann á ekki hagsmunina í málinu. Skyldan sem slík er lögvarin en stefndi er ekki réttur aðili til að bera hana og hann er því sýknaður.³⁰

Af framangreindu má sjá að inntak reglnanna skarast að verulegu leyti. Reglurnar tvær ná báðar yfir það tilvik þar sem annar aðili er talinn bera skylduna en ekki þeim sem stefnt var í málinu. Það er órökrétt að tvær reglur eigi að ná yfir sama tilvikið og ljóst er að reglan um aðildarskort getur ekki verið undirregla reglunnar um lögvarða hagsmuni. Það helgast af því: Í

²⁸ Þetta álitaefni má meðal annars sjá í, *Hrd. 1997, bls. 643, Hrd. 1997, bls. 2856, Hrd. 1997, bls. 2918, Hrd. 2001, bls. 4620 (431/2001), Hrd. 2002, bls. 1169 (378/2001), Hrd. 2002, bls. 3910 (501/2002), Hrd. 2003, bls. 3618 (128/2003) og Hrd. 18. júní 2008 (264/2008)*.

²⁹ Þegar talað er um hagsmuni í þessu samhengi í ritgerðinni er átt við um hagsmuni í víðari merkingu, það er að segja ekki aðeins fjárhagslega hagsmuni.

³⁰ Þessa niðurstöðu má sjá í *Hrd. 4. febrúar 2010 (278 og 279/2009), Hrd. 5. mars 2009 (392/2008), Hrd. 18. júní 2009 (667/2008), Hrd. 23. apríl 2008 (429/2007), Hrd. 2000, bls. 820 (416/1999), Hrd. 2000, bls. 1056 (378/1999) og Hrd. 2000, bls. 2124 (59/2000)*.

fyrsta lagi hefur hún önnur réttaráhrif. Í öðru lagi eru sett önnur skilyrði fyrir beitingu hennar. Í þriðja lagi er það vilji löggjafans að um tvær mismunandi reglur sé að ræða. Reglan um lögvarða hagsmuni kemur fram í 2. mgr. 25. gr. eml. en mælt er fyrir um regluna um aðildarskort í 2. mgr. 16. gr. eml. Það er því ljóst að tvær ólíkar reglur eiga að vera til. Í framkvæmd hefur þetta riðlast þannig að reglan um lögvarða hagsmuni hefur verið rýmkuð út svo hún nær einnig yfir þau tilvik sem falla undir regluna um aðildarskort.

Að lokum má nefna *Hrd. 14. október 2010 (28/2010)* sem reifaður var í kafla 2.2.3. Í málinu var kröfum erlendrar konu vísað frá á þeim grundvelli að hún hafði ekki lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr sakarefninu. B gerði kröfur fyrir barnið A en hún hafði engan lagalegan grunn til að fara með málefni þess. Önnur kona var móðir þess og B fór ekki með forsjá A. Annar aðili en B var því réttmætur eigandi hagsmunanna í þessu máli. Í þessu tilfalli hefði verið rétt að beita reglunni um aðildarskort og sýkna dómsmálaráðherra með vísan til 2. mgr. 16. gr. eml. þar sem hann bar ekki skylduna gagnvart B.

4.3 Á að skilja á milli reglnanna?

Í þessum kafla verða skoðuð rök með og á móti þeirri framkvæmd sem fjallað hefur verið um að framan.

Rök eru til, fyrir því að heimilt sé að rýmka regluna um lögvarða hagsmuni svo hún nái til sama tilviks og reglan um aðildarskort. Í fyrsta lagi verða engin réttarspjöll þar sem stefnandi fær leyst úr kröfu sinni. Þótt máli sé vísað frá á hendur einum aðila máls eru kröfurnar teknar til úrlausnar er varða hinn aðilann. Stefnandi getur einnig höfðað nýtt mál gegn réttum aðila ef honum hefur láðst að stefna honum einnig í sama máli. Í öðru lagi gengur reglan um lögvarða hagsmuni skemur en reglan um aðildarskort þar sem hún veldur aðeins frávísun en ekki sýknu. Samkvæmt málsforræðisreglunni mega dómstólar ekki fara út fyrir kröfugerð aðila, sbr. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 111. gr. eml., en þó er gerð undantekning frá því. Dómarar mega dæma eftir því sem rúmast innan kröfugerðar aðila. Í þriðja lagi eru ákveðin hagkvæmis sjónarmið. Hætta er á því að vörnin verði ekki eins góð og hún gæti verið vegna áhugaleysis stefnda, enda hefur úrlausnin engin áhrif á réttarstöðu varnaraðila þar sem hann ber ekki skylduna. Rétt niðurstaða gæti verið sú að sýkna bæri stefnda en vegna áhugaleysis hans ber hann fyrir sig lélegar varnir sem leiðir til þess að stefnandi hefur sigur í málinu. Réttmætur eigandi gæti vegna þessa orðið fyrir réttarspjöllum.

Rök mæla gegn því að dómstólar beiti reglunni um lögvarða hagsmuni svo rúmt að hún taki til sömu tilvika og reglan um aðildarskort. Í fyrsta lagi má nefna að reglunni um

aðildarskort verður ekki beitt nema aðilar geri sjálfir kröfur um beitingu hennar.³¹ Einnig beita dómstólar ekki reglunni um aðildarskort nema krafist sé sýknu.³² Því er óeðlilegt að dómstólar geti vikið sér undan skilyrðum reglunnar með því að komast að sömu niðurstöðu á grundvelli annarrar reglu. Það gerir regluna um aðildarskort óþarfa og brýtur einnig gegn málsforræðisreglunni, sbr. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 111. gr. eml., þar sem dómstólar dæma þá eftir málsástæðu sem ekki er höfð uppi í málatilbúnaði þeirra. Dómstólar mega aðeins víkja frá þeirri reglu í tveim tilvikum. Annars vegar ef krafan gengur skemur en þær kröfur sem koma fram í málatilbúnaði og hins vegar ef dómari á að gæta að þeirri málsástæðu ex officio, sbr. 1. másl. 1. mgr. 111. gr. eml. Í öðru lagi er brotið gegn jafnræði aðila fyrir dómi. Aðila er mismunað þar sem öllum málum er ekki vísað frá á grundvelli lögvarðra hagsmuna þegar aðila láist að bera fyrir sig aðildarskorti. Jafnræðisreglan er meginregla í íslensku einkamálaréttarfari og er tryggð í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE og felst í rétti manna til réttlátrar málsmeðferðar. Þó er heimilt að víkja frá henni ef réttlætanleg og málefnaleg rök liggja fyrir því.

Þessu til frekari rökstuðnings má benda á að Hæstiréttur hefur tekið fram í dómum sínum að ef aðili á ekki hagsmuni af úrlausnarefninu eða nái ekki að sanna hagsmuni sína þá sé sýknað á grundvelli aðildarskorts. Þetta kemur meðal annars fram í *Hrd. 2001, bls. 3962 (417/2001)*.

Hrd. 2001, bls. 3962 (417/2001): Málið varðaði beiðni A um að tiltekna upplýsingar um föður hennar yrðu ekki fluttar í tiltekinn gagnagrunn. Í héraðsdómi var málinu vísað frá þar sem A hafði ekki skýrt nægilega vel á hvaða grundvelli hún ætti aðild. Hæstiréttur felldi úrskurðinn úr gildi þar sem hann taldi málatilbúnað A ekki skýran. Hæstiréttur tók einnig fram að óskýrleiki ylli sýknu á grundvelli aðildarskorts en ekki frávísun vegna vanreifunar. Í dómi Hæstaréttar segir orðrétt: „Hvað sem þessari skýringu líður verður ekki litið fram hjá því að takist sóknaraðila ekki gegn andmælum varnaraðila að vísa til viðhlítandi stoðar í réttarheimildum fyrir aðild sinni að málinu, veldur það sýknu varnaraðila, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.“

Þetta mál hefur fordæmisgildi sem síðar var staðfest í *Hrd. 2002, bls. 1108 (116/2002)*. Samkvæmt dómunum leiðir það til sýknu samkvæmt aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 16. gr. eml. ef aðili sýnir ekki fram á stoð í réttarheimildum fyrir aðild sinni að dómsmáli. Sama hlýtur að eiga við um stefnda, ef stefnandi nær ekki að rökstyðja aðild þess fyrrgreinda að málinu þá hlýtur það að leiða til sýknu en ekki frávísunar.

Þegar metið er hvaða niðurstaða þykir rökhæfust, þá verður að gera það með hliðsjón af þeim meginreglum sem gilda í réttarfari og þeirra markmiða sem stefnt er að. Rökhæfasta

³¹ Sjá *Hrd. 12. nóvember 2009 (117/2009)* og *Hrd. 12. nóvember 2009 (107/2009)*.

³² Sjá *Hrd. 6. febrúar 2009 (2/2009)*.

niðurstaðan er þá sú sem samræmist best markmiðum og meginreglum einkamálaréttarfars. Markmið laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að rétt niðurstaða fái st í máli og að réttaröryggis aðila sé gætt með vandaðri og sanngjarni málsmeðferð. Eins og fram kom að ofan samræmast rökin, gegn því að lögvrðum hagsmunum verði beitt, jafnræðisreglunni og málsforræðisreglunni. Einnig kom fram að réttarspjöll gætu orðið, þar sem hætta er á að röng niðurstaða fái st í máli. Þrátt fyrir það hefur það lengi viðgengist í meðferð einkamála að dómstólum sé óheimilt fara út fyrir kröfugerð aðila þótt þeim sé ljóst að niðurstaðan gæti orðið önnur og réttari. Hlýtur sú niðurstaða því að vera rökhæfust, að gera eigi skýran greinarmun á reglunni um lögvarða hagsmuni og reglunni um aðildarskort enda samræmist það meginreglum eml. um málsforræði aðila og meginreglunni um jafnrétti aðila fyrir dómi.

Að lokum má benda á, að ekki lítur út fyrir að gerður sé greinarmunur á reglunum um lögvarða hagsmuni og aðildarskortu í norsku lögunum um meðferð einkamála. Eins og fram hefur komið áður, er reglan um lögvarða hagsmuni lögfest í norskum rétti. Kveðið er á um regluna í 1. og 2. mgr. 3. gr. 1. kafla tvisteloven nr. 90/2005. Þar kemur fram í 2. másl. 2. mgr. að aðilar verði að tengjast hagsmununum á einhvern hátt til þess að lögvarðir hagsmunir séu fyrir hendi. Hér hlýtur að vera átt við að aðilar máls verði að vera eigendur hagsmunanna. Samkvæmt norskum rétti fellur það því undir regluna um lögvarða hagsmuni að aðili máls sé réttur eigandi hagsmunanna sem til úrlausnar er. Það má velta því fyrir sér hvort tilefni sé til að gera greinarmun á milli reglnanna eins og gert er hér á landi. Hugsanlega er kominn tími til þess að á Íslandi verði reglan um lögvarða hagsmuni skýrð nánar eins og gert var í Noregi með gildistöku tvisteloven nr. 90/2005. Þörf er á því enda getur það varðað mikilvæga hagsmuni aðila. Með tilliti til réttaröryggis þarf þó í sumum tilvikum að láta dómstólum eftir mat við skýringu á lagaákvæðum. Ef lagaákvæði eru höfð of þröng geta komið upp tilvik sem engin réttarheimild tekur til. Þrátt fyrir það verður að meta svigrúm dómstóla til skýringar með hliðsjón af meginreglum réttarríkisins. Lög eiga að vera fyrirsjáanleg og gilda fram á við.³³

³³ Hafsteinn Þór Hauksson: Beitti hnífurinn – um réttarríkishugmynd Joseph Raz, bls. 306.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Christian Reusch: „Rettslig interesse“, http://www.snl.no/rettslig_interesse, 2. febrúar 2010 (skoðað 9. apríl 2011).

Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II hefti. Meginreglur um meðferð einkamála*. Reykjavík 1968-1969.

Einar Karl Hallvarðsson: „Hvernig er þetta með ríkið?“. *Úlfjótur*, 3. tbl. 2005, bls. 495-526.

Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*. Reykjavík 1999.

Hafsteinn Þór Hauksson: „Beitti hnífurinn – um réttarríkishugmynd Joseph Raz“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 2008, bls. 303-315.

Inge Lorange Backer: *Rettslig Intresser. For søksmål, skjønn og klage*. Oslo 1984.

Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*. 2. útgáfa. 2003.

Skúli Magnússon: „Er þörf á lagasetningu um aðild hins opinbera að dómsmálum?“. *Úlfjótur*, 3. tbl. 2005, bls. 527-538.

Særún María Gunnarsdóttir: „Aðild að málum sem varða umhverfið“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 2005, bls. 356-410.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1994, bls. 748
Hrd. 1994, bls. 1451
Hrd. 1997, bls. 643,
Hrd. 1997, bls. 2856,
Hrd. 1997, bls. 2918
Hrd. 1999, bls. 1404 (81/1999)
Hrd. 2000, bls. 820 (416/1999)
Hrd. 2000, bls. 1056 (378/1999)
Hrd. 2000, bls. 2124 (59/2000)
Hrd. 2000, bls. 4394 (419/2000)
Hrd. 2001, bls. 3962 (417/2001)
Hrd. 2001, bls. 2281 (173/2001)
Hrd. 2001, bls. 4620 (431/2001)
Hrd. 2002, bls. 1087 (88/2002)
Hrd. 2002, bls. 1108 (116/2002)
Hrd. 2002, bls. 1169 (378/2001)
Hrd. 2002, bls. 3910 (501/2002)
Hrd. 2003, bls. 1589 (117/2003)
Hrd. 2003, bls. 3618 (128/2003)
Hrd. 2004, bls. 4285 (422/2004)
Hrd. 2005, bls. 948 (68/2005)
Hrd. 2006, bls. 2032 (196/2006)
Hrd. 29. mars 2007 (552/2006)
Hrd. 24. maí 2007 (642/2006)
Hrd. 31. október 2007 (554/2007)
Hrd. 13. nóvember 2007 (575/2007)
Hrd. 23. apríl 2008 (429/2007)
Hrd. 18. júní 2008 (264/2008)
Hrd. 5. september 2008 (358/2008)
Hrd. 6. febrúar 2009 (2/2009)
Hrd. 5. mars 2009 (392/2008)
Hrd. 7. apríl 2009 (533/2008)
Hrd. 18. júní 2009 (667/2008)
Hrd. 6. nóvember 2009 (583/2009)
Hrd. 12. nóvember 2009 (117/2009)
Hrd. 12. nóvember 2009 (107/2009)
Hrd. 26. nóvember 2009 (132/2009)
Hrd. 17. desember 2009 (698/2009)
Hrd. 4. febrúar 2010 (278 og 279/2009)
Hrd. 18. febrúar 2010 (355/2009)
Hrd. 25. mars 2010 (409/2009)
Hrd. 23. ágúst 2010 (394/2010)
Hrd. 14. október 2010 (779/2009)
Hrd. 14. október 2010 (28/2010)